

# ALLT

KYNNINGARBLAÐ

FÖSTUDAGUR 28. janúar 2022



Gott og girnileg nasl er ómissandi yfir leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY.

## Maulað yfir handboltanum

thordisg@frettabladid.is

Íslenska landsliðið í handbolta keppir á móti Noregi um 5. sætið á EM karla í handknattleik klukkan 14.25 í dag. Ólafur Stefánsson, einn albesti handboltamaður sögunnar, sagði fyrir leik Íslands og Svartfjallalands í EM-stofu RÚV, að áhorfendur þyrftu að vera búnir að græja snakkið fyrir leikina; til að hafa fulla einbeitingu við að senda góða strauma til strákanna okkar.

Það er náttúrulega ómissandi að hafa gott nasl yfir þeirri stórkostlegu skemmtun sem leikir íslenska landsliðsins hafa verið á EM og upplagt að skella í mexíkóskt nachos fyrir leikinn í dag.

### Mexíkóskt handboltsnakk

Það er leikur einn að útbúa tex mex-partiplatta. Steikið nautahakk og kryddið með mexíkósku kryddi að smekk. Gott að setja svartar baunir eða nýrnabaunir og salsasósu saman við hakkið. Setjið því næst nachos ofan á álpappir á bökunarplötu eða í botninn á eldföstu móti og sáldrið þar ofan á hakki, jalapeno-pipar, maísbaunum, smátt skornum tómötum, blaðlauk og papriku. Toppjið með enn meira nachosi, salsasósu, ostasósu og rifnum cheddar-osti og bakið í ofni við 200°C eða þar til osturinn hefur bráðnað. Berið fram með gvakamóle og sýrðum rjóma.

Áfram, Ísland! ■



POWERFUL NUTRITION  
FROM PLANTS

**ALOE VERA**  
MELTING & BÓLGUR



www.celsus.is

## Skammdegið

þarf ekki að vera erfitt

- Orkublandan frá ICEHERBS hjálpar þér að vakna á dimmum vetrarmorgnum
- 2000 einingar af d-vítamíni og kröftug íslensk burnirót



Alan Talib, forstjóri Cromwell Rugs og teppasólumaður af fjórðu kynslóð, býður Íslendingum einstakt tækifæri til að eignast ekta persneskt teppi á góðu verði, en teppin eru hrein og klár listaverk og endast í áratugi.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Einstök listaverk fáanleg á fordæmalausum verði

Cromwell Rugs býður upp á einstök persnesk teppi sem eru sannkölluð listaverk og ólík öllu öðru sem fæst á Íslandi. Vegna viðskiptaþvingana gagnvart Íran er teppamarkaðurinn þarlendis að hrynja, svo Cromwell Rugs er að losa sig við birgðir sínar á áður óséðu verði. **2**



Alan Talib er forstjóri Cromwell Rugs og teppasölumaður af fjórðu kynslóð, svo hann flytur með sér menningu, sögu og þekkingu sem á rætur að rekja til langafa hans, en vegna breyttra aðstæðna er hann nú að selja öll teppin sín til að hefja ný viðskiptaævintýri. Íslendingar geta notið góðs af þessu og eignast einstakt alvöru persneskt teppi á sérlega lágu verði.

„Það er ekki lengur hægt að halda uppi viðskiptum með persneskt teppi,“ segir Alan. „Það má ekki lengur flytja fjármagn til Írans og því er ekki hægt að kaupa ný teppi af birgjum. Fyrir vikið er teppaiðnaðurinn í Íran því miður að leggjast af, en þar með glatast mörg þúsund ára menningararfleifð.“

### Náttúruleg efni og einstakt handverk

„Teppin okkar eru öll gerð úr náttúrulegri ull og notuð eru náttúruleg litarefni. Þau eru svo vafin af mikilli færni, en hvert landsvæði í Íran hefur sinn eigin stíl og hönnun á teppunum,“ segir Alan. „Það getur oft verið mikill munur á handverkinu frá ólíkum stöðum, en það er til dæmis mikill munur á teppunum sem eru gerð af hirðingjum og þeim sem eru gerð í borgum.“

Í borgunum er mikil sérhæfing og verkaskipting, þannig að ákveðnar aðilar sinna hönnun, aðrir litun, aðrir skaffa ull og enn aðrir vefa teppin. En hjá hirðingjunum sinnir sama fólkið öllum skrefum í teppagerðinni og það býr til sína eigin hönnun, sem byggir oft á lagi eða vögguvísu,“ útskýrir Alan. „Hirðingjarnir nota heldur ekki hefðbundna lóðrétta vefstóla, heldur lárétta, svo það sé auðvelt að pakka þeim saman og flytja þá.“

### Mikil saga á bak við munstrin

„Það er rík saga á bak við hverja einustu hönnun í persneskum teppum. Hefðin á um 3.000 ára gamla sögu, en upphaflega voru það konur sem voru að ganga í hjónaband sem bjuggu til persónuleg teppi sem sýndu stöðu þeirra til að sýna tilvonandi eiginmanni sínum auð sinn og öðlast virðingu,“ útskýrir Alan.

„Þannig var þetta í þúsundir ára en svo fóru teppagerðarmenn í írönsku borginni Kashan að verða fyrir listrænum áhrifum frá indverskum kryddkaupmönnum sem fóru í gegnum borgina til að koma kryddi sínu á markað í Mið-Austurlöndum og Evrópu,“ segir Alan. „Þá byrja blómamynstur og alls kyns flóknari mynstur með meiri smáatriðum að líta dagsins ljós. Þaðan koma nú teppi sem sýna tré lífsins að ofan og svo eru tákni fyrir árstíðirnar fjórar í hornum og sjó rammar sem tákna daga vikunnar.“

Ein nýjasta hönnunin er um 350 ára gömul og sagan segir að hún hafi orðið til þegar teppagerðarmaður var fenginn til að gera teppi sem táknaði skrudgarð konungsins í Íran,“ segir Alan. „Það var ekkert annað í boði en að gleðja kónginn ef hann vildi halda höfðinu, en hann átti mjög erfitt með verkefnið. Hann var orðinn örvæntingarfullur en fékk þá innblástur frá útsaumi eigin konu sinnar og gerði teppi með 99 ferningum þar sem hver ferningur táknaði hluta af garðinum.“

Þannig hefur hver einasta hönnun sína sögu og menningu og mér finnst mjög mikilvægt að segja þessar sögur og láta fólk vita af því að þessi menningararfur sé að glatast, því það er enginn að tala um það,“ útskýrir Alan. „Um helmingur allra borga hefur hætt teppaframleiðslu alfarið en annars



Alan segir að viðskiptaþvinganir gegn Íran hafi bitnað mikið á teppaframleiðslugeiranum þar í landi og hann sé nú að líða undir lok. Fyrir vikið er ekki hægt að viðhalda viðskiptum með persneskt teppi og þess vegna er hann nú að selja teppin á áður óséðu verði.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
SIGTRYGGUR ARI



Öll teppin eru handvafin af mikilli list, en hvert einasta landsvæði í Íran hefur sína eigin hönnun.



Handverk hirðingja er allt öðruvísi en það sem er gert í borgum og bæjum og MYNDIR/AÐSENDAR



Teppin eru lituð með gamaldags aðferðum og náttúrulegum litum.

staðar er framleiðslan bara um 20-50% af því sem áður var.“

### Í aðstöðu til að tryggja gæði og gott verð

„Um 90% allra persneskra teppa eru seld í Hamborg í Þýskalandi. Það er erfitt og dýrt að fara til Írans til að sækja teppin og flytja þau á markað, svo heildsalar í Þýskalandi kaupa teppi af heildsölum í Teheran, sem sjálfir kaupa teppi frá borgunum og heildsalarnir þar kaupa teppi frá þorpunum,“ segir Alan. „En þar sem ég er af fjórðu kynslóð teppasöllumanna fer ég ekki þessa leið, heldur fer ég sjálfur á staðinn og kaup teppin beint af framleiðendum.“

Það er algengt að nota klór til að draga úr lit teppanna og ammoníak til að gefa ullinni meiri glans, en þessi efni brjóta niður trefjarnar í teppunum svo þær missa sveigjanleika og fyrir vikið verða teppin ekki jafn sterk,“ útskýrir Alan. „Við þurfum hins vegar að halda háum gæðastaðli og gefum fimm ára ábyrgð á teppin, svo við notum sérstaka vél til að ganga úr skugga um að þessi efni hafi ekki verið notuð á teppin.“

Við setjum teppin í gegnum flókið vinnsluferli þar sem þau eru þvegin vandlega og síðan látin bakast í sólinni í 50-60 daga í vöruhúsinu okkar, sem er á heitasta stað í Íran. Sólin upplitar teppin



Eftir framleiðsluna eru teppin látin bakast í sólinni í um tvo mánuði til að draga úr styrkleika litanna og láta þau glansa á náttúrulegan hátt.



Þetta teppi er frá Kashan og ber einkenni hönnunarinnar sem er bundin við borgina.

svo litirnir verði ekki jafn rosalega sterkir og þegar ullin bakast leggst fitan í henni ofan á teppið svo það glansar,“ segir Alan. „Þetta er mikilvægasti hlutinn af vinnslunni eftir að teppið hefur verið búið til og fólk borgar vel fyrir þessa þjónustu. Það er vissulega hægt að fá sömu niðurstöður með því að nota þessi sterku efni, en þá skemmist ullin um leið.“

Við erum alþjóðlegt fyrirtæki sem starfar á mjög stórum markaði, við getum keypt teppin á góðu verði beint af framleiðendum og allt þetta vinnsluferli gerist á okkar enda. Því erum við í aðstöðu til að bjóða mun betra verð en íslenskir teppasölumenn, aðstæður eru bara ekki sambærilegar,“ segir Alan.

### Á vefnum og með verslun

„Við munum halda áfram að bjóða upp á þessi teppi á Íslandi eins lengi og fólk hefur áhuga á þeim. Viðbrögðin hingað til hafa verið stórkostleg, fólk er mjög hrifið af teppunum og ánægð með verðið. Ísland er ólíkt öðrum stöðum því við þurfum að byggja upp orðspor og traust hér á landi áður en fólk byrjaði að versla við okkur,

en fólk er byrjað að koma og sjá að við erum áreiðanleg,“ segir Alan. „Það ræðst svo af vinsældunum hve lengi við höldum áfram, því að til þess að selja þessi teppi hér á landi þarf ég að standa straum af miklum kostnaði við að flytja sérfræðinga til Íslands.“

Fólk getur keypt teppi á vefsíðunni okkar, cromwellrugs.com, og sótt þau svo í verslun okkar í Víkurhvarfi 2 um helgar, eða komið beint til okkar og skoðað teppin,“ segir Alan. „Kaup á svona teppi er fjárfesting, því þau endast áratugum saman, en það er líka ýmislegt sem þarf að hafa í huga við kaupin og því mælum við með því að fólk gefi sér tíma, komi og þreifi á teppunum og fái ráð. Íslendingar líta yfirleitt á teppi sem húsgögn, en persneskt teppi eru meira eins og listaverk. Það er líka hægt að fá teppin lánuð og það er hægt að skila keyptum teppum án nokkurra skuldbindinga.“ ■

Hægt er að skoða og kaupa teppin á heimasíðunni, cromwellrugs.com, og í verslun Cromwell Rugs í Víkurhvarfi 2.





**ZHENZI Shiffonkjöll**  
Fæst líka í bleiku  
Stærðir 42-56  
Verð kr. 12.990

**GOZZIP Maya Gallajakki**  
Stærðir 38-56  
Verð kr. 15.980

**GOZZIP Molly skyrtukjöll**  
Stærðir 38-56  
Verð kr. 15.980

**GOZZIP Siff tunika**  
Stærðir 38-56  
Verð kr. 16.980

**STUDIO Ditte Tunika**  
Fæst líka með bleiku mynstri  
Stærðir 38-56  
Verð kr. 11.980

yesta

yest

no<sup>secret</sup>

Q'neel

ROBELL

ZHENZI

ZÉZE  
Nordic

OPHILIA



**YEST Ornika treggings**  
Fleiri litir til  
Stærðir 36-48  
Verð kr. 6.980

**YEST Joy gallabuxur**  
Fleiri litir til  
Stærðir 36-48  
Verð kr. 11.980

**YESTA Arnika treggings**  
Fást líka í svörtu  
Stærðir 44-60  
Verð kr. 8.980

**YESTA Joya gallabuxur**  
Fleiri litir til  
Stærðir 44-60  
Verð kr. 11.980

**YESTA Arah buxur með víðu sniði**  
Fást líka í bláu  
Stærðir 44-60  
Verð kr. 9.980

SYBEL+

FRANSEN

festival  
DENMARK

STUDIO

Tamaris

GOZZIP

Handberg

SANDGAARD

Jana

LASESSOR



**FESTIVAL köflóttar sokkabuxur 50 den**  
Fást líka brúnköflóttar  
Stærðir 38-56  
Verð kr. 4.990

**FESTIVAL sokkabuxur 20 den silk look**  
Fleiri litir til  
Stærðir 38-56  
Verð kr. 1.990

**FESTIVAL bambus sokkar**  
Fást í mörgum litum ein stærð  
Verð kr. 1.290

**FESTIVAL nærbuxur - microfiber**  
Stærðir 36-56  
Verð kr. 2.990

**DUFFEL helgarferðartaska**  
Stærð 50x31x20 cm  
Verð kr. 7.990

Verslunin Belladonna



belladonna

Lítu við á  
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460



## Bílar & Farartæki



Nýr 2021 Mitsubishi Outlander PHEV Instyle+ Tíglamynstruð leður á sætum. Glertoppluga. 18" álfelgur. Flottasta tyfa. 5 ára evrópsk verksmiðjuábyrgð. 4 litir á staðnum. Fáir bílar eftir á þessu verði. Verð 6.390.000,-

Sparibill ehf  
Hátún 6A, 105 Reykjavík  
Sími: 577 3344  
[www.sparibill.is](http://www.sparibill.is)

## Þjónusta

### Málarar

#### REGNBOGALITIR EHF

Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Löggtíur málarameistarar. Löggtíur málarar. Vönduð vinna, vanir menn. [www.regnbogalitir.is](http://www.regnbogalitir.is)  
malarar@simnet.is. Sími 8919890

#### MÁLARAMEISTARI

Tek að mér að endurmála íbúðir og fl. Fagmennska, mikil reynsla og sanngjörn verð. Málningaþjónusta Egils ehf. S. 868-5171. [egillsverris@gmail.com](mailto:egillsverris@gmail.com)



### Umhverfismat

Matsáætlun í kynningu

### Múli vindorkugarður

Qair Iceland ehf. hefur lagt fram matsáætlun til Skipulagsstofnunar vegna umhverfismats 78-95 MW vindorkugarðs í landi Hvamms í Borgarbyggð.

**Kynning á matsáætlun:** Matsáætlunin er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar [www.skipulag.is](http://www.skipulag.is). Framkvæmdaraðili mun kynna framkvæmdina á opnum streymisfundum 10. febrúar nk. kl. 20:00. Vefslóðin á streymisfundinn er [www.efla.is/streymi](http://www.efla.is/streymi).

**Umsagnarfrestur:** Allir geta kynnt sér matsáætlunina og veitt umsögn. Umsagnir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 25. febrúar 2022 til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á [skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is).

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 [www.flytja.is](http://www.flytja.is)  
[flytja@flytja.is](mailto:flytja@flytja.is)

## Húsviðhald

### FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

RÚNARMÚRARI EHF  
S 774-3800  
HÚSAVIÐGERÐIR  
MÚRVIÐGERÐIR  
STEYPUVIÐGERÐIR  
ENDURHRAUNA  
TRÖPPUVIÐGERÐIR  
MÁLNINGARVINNA  
ÞAKMÁLUN  
FLÍSALAGNIR  
o.m.fl.

10 ára reynsla í utanhússviðhaldi

Tilboð þér að kostnaðarlausu

<https://runarmurari.is/>  
[runarmurari@gmail.com](mailto:runarmurari@gmail.com)  
VSK 135377

## Nudd

### NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

## Rafvirkjun

### RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskripti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggtíur Rafverktaki. [straumblik@gmail.com](mailto:straumblik@gmail.com)

## Keypt & Selt

## Til sölu

### Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27  
Sími 552 2125  
[www.gitarinn.is](http://www.gitarinn.is)



Mikið úrval  
Verð við allra hæfi

## Heilsa

## Heilsuvörur



Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



## Húsnæði

## Geymsluhúsnæði

### GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúð, allt að 20% afsláttur. [www.geymslur.is](http://www.geymslur.is)

### WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög göðum verðum. Frá 2-17 m<sup>2</sup>. S: 564-6500

# Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

### Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, [hrannar@frettabladid.is](mailto:hrannar@frettabladid.is)

Arna Rut Kristinsdóttir, [arnarut@frettabladid.is](mailto:arnarut@frettabladid.is)

# Fyrirtæki ársins 2021

[hagvangur.is](http://hagvangur.is)

HAGVANGUR



## STYRKIR ÚR HÚSVENDARSJÓÐI REYKJAVÍKURBORGAR 2022

Húsvendarsjóður Reykjavíkur auglýsir eftir umsóknum um styrki til viðgerðar og endurgerðar á byggingum í Reykjavík sem hafa sérstakt varðveislugildi af listrænum eða menningarsögulegum ástæðum.

### Eftirtaldir upplýsingar skulu koma fram í umsókn:

- Lýsing á fyrirhuguðum framkvæmdum.
- Tímaáætlun.
- Kostnaðaráætlun.
- Ljósmynd af húsinu eins og það er nú og eldri ljósmynd ef hún er til.

Frekari upplýsingar eru veittar af Húsvendarstofu sem er með opinn símatíma á miðvikudögum kl. 15-17. Sími: 411 6333. Einnig má senda tölvupóst á [minjavarsla@reykjavik.is](mailto:minjavarsla@reykjavik.is).

Umsóknir eru eingöngu móttæknar á þar til gerðu eyðublaði sem er að finna á Mínum Síðum á vef Reykjavíkurborgar.

Sjá <https://reykjavik.is/ibuar/framkvaemdir-og-skipulag/husvernd/husverndarsjodur>

Opnað verður fyrir aðgengi að umsóknum þann 28. janúar 2022, kl. 13:00, og lokað verður þann 20. febrúar 2022, kl. 23:59.

Vakin er athygli á því að styrkir sem úthlutað er árið 2022 og verða ekki nýttir fyrir lok árs 2023 falla niður.